

Mánudaginn 6. október 1947 .

Nr. 116/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Herði Wium Vilhjálmssyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlöggjöf.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur rækileg framhalds-
rannsókn farið fram í málinu.

Samkvæmt vætti sjónarvotta hjólaði drengurinn eftir
malborna veginum norðan steyptu brautarinnar allt fram
undir það, að slysið varð, og verður það ráðið af skýrslum,
að hann hafi ekki hjólað, svo nokkru næmi, inn á steyptu
brautina fyrir slysið, enda lá hann eftir slysið að nokkru á
malborna veginum norðan steyptu brautarinnar. Bifreið
ákærða nam staðar þegar eftir slysið að mestu eða jafnvel
að öllu á balborna veginum norðan steyptu brautarinnar.
Verður með vísan til þeirra atvika, sem nú voru rakin, að
telja sannað, að ákærði hafi með gálausum hætti og að
óþörfu ekið allt of nærri hægri vegarjaðri, er hann mætti
drengnum, og með því orðið samvaldur að slysinu. Brot
ákærða varðar við 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, 2. og
6. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 27. sbr. 38. gr. laga
nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 2500.00
sekt til rikissjóðs, er afplánist 20 daga varðhaldi, ef hún
greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ber að svipta ákærða
ökleyfi 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin
laun verjanda hans í héraði, kr. 300.00, og málflutnings-
laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr.
700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Wium Vilhjálmsson, greiði kr. 2500.00 sekt til ríkissjóðs, er afplánist 20 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði er sviptur ökuleyfi eitt ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun verjanda hans í héraði, Ólafs hæstaréttarlögmanns Þorgrímssonar, kr. 300.00, og málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar og
próf. Ísleifs Árnasonar.

Samþykkir ofangreindu atkvæði með þeirri athugasemd, að við teljum slysið að miklu leyti stafa af óhappatilviljun. Þó ákærði eigi einnig nokkra sök, eins og í atkvæðinu greinir. Þykir okkur því refsing ákærða hæfilega ákveðin 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan tilskilins frests.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. marz 1946.

Ár 1946, fimmtudaginn 14. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 905/1946: Réttvísing og valdstjórnin gegn Herði Wium Vilhjálmsyni, sem tekið var til dóms hinn 28. febrúar sama ár.

Mál þetta er af réttvísingar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Herði Wium Vilhjálmsyni bifreiðarstjóra, Hrisateig 13 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. maí 1922, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

1937 3% Áminning fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

1942 2% Sátt, 30 kr. sekt fyrir að sinna ekki umferðarbendingu lögregluþjóns og fyrir að hafa of marga farþega í framsæti bifreiðar.

1943 ²⁵/₃ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. 2. mgr. bifreiðalaganna.

Hinn 16. október s. l. varð dauðaslys á Suðurlandsbraut milli Undralands og Lækjarhvamms hér við bæinn. Rakst vöruflutninga-bifreiðin R 207, sem ákærði ók, á skólapilt, Guðmund Bogason, Laugalandi við Þvottalaugaveg, fæddan 7. júní 1930, sem þar var á ferð á reiðhjóli, með þeim afleiðingum, að hann beið bana. Þar sem slysið varð, er á allöngum kafla steinsteyptur vegur um 6 metra breiður, en með nyrðri brún hans liggur malborinn vegur nálægt 4 metra breiður. Malborni vegurinn er sléttur og harður, og samskeyti hans og steypa vegarins eru næstum slétt, en lítið eitt mun þó malborni vegurinn vera hærri, og myndast því örli til brún við samskeytin.

Þegar slysið varð, var regn, og vegurinn því blautur. Ákærði var vel fyrir kallaður, og ekkert hefur komið fram um, að ástand bifreiðarinnar hafi verið athugavert að öðru leyti en því, að hraðamælir hennar var óvirkur. Hafði hann verið það frá því ákærði eignaðist bifreiðina í síðastliðnum aprilmánuði, en á þeim tíma segir ákærði hafa verið ófánlega þá hluti, sem í mælinn vantaði. Við skoðun bifreiðarinnar 4. maí s. l. var eigi gerð athugasemd um hraðamælinn. Viggó Eyjólfsson bifreiðaeftirlitsmaður hefur borið, að síðan ákærði eignaðist bifreiðina hafi verið ómögulegt að gera við hraðamæli hennar hér og að bifreiðaeftirlitið hafi engar bifreiðar stöðvað í akstri vegna ólags á hraðamæli. Af þessum ástæðum þykir eigi rétt að dæma ákærða til refsingar fyrir að hafa eigi virkan hraðamæli í bifreiðinni. Ákærði var í timburflutningum í þetta sinn og ók bifreiðinni tómri vestur Suðurlandsbraut og var einn í henni. Hann skýrir svo frá atburðinum, að vegna hola, sem séu þarna í vinstri brún steypa vegarins, hafi hann ekið bifreiðinni um miðjan steypa veginn. Ökuhraðinn hafi verið á að gizka 35 kílómetrar, miðað við klukkustund. Á undan honum ók vörubifreið með mönnum á vörupalli. Eigi er upplýst, hvaða bifreið þetta var. Ákærði sá nú bifreið eina aka fram úr þessari vörubifreið, og sá hann ekki drenginn, Guðmund Bogason, sem kom hjólandi vestan veginn, fyrr en hann og bifreiðin, sem fram úr hinni ók, höfðu mætt. Þá telur hann, að milli sín og drengsins hafi verið ca. 2—3 bifreiðalengdir. Drengurinn hjólaði með edlilegum hraða og átti móti mjög aflíðandi halla að sækja. Hann sat ekki í sætinu, heldur hjólaði yfir stöngina. Farangur hafði hann engan, nema tösku, sem var á böggla-beranum aftan við sætið. Ákærði sá drengnum ekki fipast í hjólreiðinni og ók áfram á sama hátt og áður.

Meðan ákærði sá til drengsins, hjólaði hann eftir malborna veginum, skammt frá mótum malborna og steypa vegarins, og hann tók ekki eftir því, að hann beygði inn að steypa veginum. Um leið og bifreiðin var að fara fram hjá drengnum, heyrði ákærði skell

aftan til við bifreiðina hægra megin. Hann stöðvaði bifreiðina og fór út úr henni og sá þá drenginn liggja meðvitundarlausan á veginum með höfuð og bol á steypa veginum, en fætur úti á malborna veginum. Hjá honum lá reiðhjólið. Næst á eftir ákærða hafði ekið vestur veginn Nikulás Már Nikulásson bifreiðarstjóri, Seljavegi 33, í bifreiðinni R 718. Hann nam staðar á slysstaðnum, og létu hann og ákærði drenginn í bifreið Nikulásar og fóru með hann í Landspítalann.

Vitnið Nikulás Már Nikulásson skýrir svo frá, að það hafi ekið R 718 á eftir R 207 alllangan spöl fyrir slysið og hafi ökuhraðinn verið sem næst 35 km, miðað við klukkustund. Þetta er þó ágizkun vitnisins, því að hraðamælirinn í R 718 var óvirkur. Kveðst vitnið hafa ekið ca. 2 bifreiðalengdir á eftir R 207, þegar slysið varð, og því hafa séð slysið mjög greinilega. R 207 ók sem næst eftir miðjum steypa veginum og tók engar beygjur í akstrinum. Vitnið sá drenginn, þegar hann var að koma á mótis við R 207 og úr því, þar til hann féll. Hann hjólaði mjög hægt, og virtist vitninu eitt-hvert hik vera á honum, og ímyndaði það sér, að það stafaði af því, að drengurinn var nýbúinn að mæta malarbifreið, sem ók fram úr áðurnefndri vörubifreið, sem mennirnir voru á pallinum á. Drengurinn hjólaði utan við steypa veginn, og virtist vitninu hann ekki sitja á reiðhjólssætinu. Þegar hann og R 207 voru að mætast, var hann að beygja inn á steypa veginn, og virtist vitninu hann hrökklast til á samskeytum steypa vegarins og hins malborna, því að hann féll til hægri hliðar inn á steypa veginn, og sýndist vitninu hann lenda með höfuðið á öxlinum á hægra afturhjóli R 207. Fullyrðir vitnið, að hann hafi ekki rekizt á vörupall bifreiðarinnar. Vitnið tekur fram, að þetta hafi allt gerzt mjög skyndilega og að það geri sér ekki fulla grein fyrir, á hvaða stigi atburðanna, nákvæmlega tiltekið, drengurinn hafi byrjað að beygja inn að steypa veginum. Við höggið köstuðust drengurinn og reiðhjólið frá bifreiðinni, og féll drengurinn þannig niður, að efri hluti hans lá á steypa veginum, en fæturnir út á malborna veginn. Vitnið heldur því fram, að reiðhjólið hafi ekki komið við bifreiðina og ekkert af drengnum nema höfuðið. Vitnið stöðvaði bifreið sína við slysstaðinn og lét drenginn með aðstoð ákærða inn í bifreiðina og ók síðan með hann á Landspítalann. Drengurinn var meðvitundarlaus frá slysinu, og þar til vitnið skildi við hann á spítalanum. Vitnið var eitt í bifreið sinni í þetta sinn. Framburð sinn hefur vitnið staðfest með eidi.

Vitnið Árni Þórðarson verkamaður, Njálsgötu 29 B, hjólaði austur Suðurlandsbraut í þetta sinn. Rétt fyrir innan lækinn hjá Lækjarhvammi hjólaði það fram úr Guðmundi heitnum. Hann hjólaði þá á vinstra kanti steypa vegarins, fremur hægt og sat á reiðhjólssætinu. Vitnið hjólaði nú áfram og mætti nokkrum bif-

reiðum, þar á meðal vörubifreið, sem ók nokkuð hratt eftir miðjum veginum. Ekki tók vitnið eftir númeri þessarar bifreiðar, og það skýrir svo frá, að það hafi engum vandkvæðum verið bundið að mæta henni, þó að hún æki á miðjum steypa veginum, því að vegurinn sé þarna breiður. Þegar vitnið var komið austur undir Undraland, heyrði það skruðning fyrir aftan sig, nam staðar og leit til baka. Sá það þá drenginn liggja á veginum og menn láta hann inn í bifreið.

Faðir drengsins, Bogi Eggertsson gæzlumaður, Laugalandi við Þvottalaugaveg, hefur skýrt svo frá, að Guðmundur heitinn hafi í þetta sinn verið á heimleið úr skóla og hafi hann verið vanur að hjóla og reiðhjólíð í ágætu ástandi. Hann hafði staurmjöðm, og hægri fótur hans var aðeins styttri en sá vinstri, og var hann því lítið eitt haltur.

Guðmundur heitinn andaðist í Landspítalanum klukkan rúmlega 4 síðdegis slysdaginn án þess að koma nokkurn tíma til meðvitundar. Við röntgenskoðun sáust beinbrot í hægri öxl. Við réttarkrufningu komu í ljós innvortis lemstur og blæðingar. Í heilanum fundust smærri blæðingar, sem bentu til, að hinn látni hefði fengið mikið högg á höfuðið, og hafa þær skjótt valdið meðvitundarleysi. Dauðaorsök er talin hafa verið miklar blæðingar, heilahristingur og lost (shock).

Efti slysið sáust engin merki um árekstur á reiðhjólí Guðmundar heitins.

Frekari upplýsingar um málavexti en nú hafa verið raktar hefur eigi tekizt að afla. Er eigi vitað, að aðrir sjónarvottar hafi verið að slysinu en Nikulás Már Nikulásson og svo ákærði, hvað aðdraganda þess snertir. Verður því að byggja á skýrslum þeirra um málavexti. Verður eigi annað af þeim séð en að ákærði hafi ekið með venjulegum og lögmætum hraða, þegar slysið varð, og eigi svo innarlega á veginum, að bifreiðin og Guðmundur heitinn hefðu vel getað mætt, hefði Guðmundi ekki fipazt í hjólreiðinni eða samskeyti steypa og malborna vegarins á einhvern hátt orðið til að breyta stefnu hjólsins. Guðmundur hefur verið kominn aftur með bifreiðinni, þegar hann féll, og ljóst má telja, að reiðhjól hans hafi ekki komið við bifreiðina. Verður og að byggja á hinum eidfesta framburði Nikulásar Más, að Guðmundur hafi lent með höfuðið á afturöxli bifreiðarinnar. Af málavöxtum verður ekki séð, að ákærða verði gefin refsiverð sök á slysi þessu, og hvorki hefur hann að áliti réttarins gerzt brotlegur við bifreiða- né umferðarlögin. Ber því að sýkna ákærða af öllum kærnum og kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu og greiða allan sakarkostnað úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hörður Wium Vilhjálmsson, skal vera sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 300.00, til hrl. Ólafs Þorgrímssonar, skipaðs verjanda ákærða.

Miðvikudaginn 8. október 1947.

Nr. 161/1946. **Helgi E. Thorlacius f. h. „Matstofunnar Bjarkar h/f“** (Hrl. Magnús Thorlacius)
 gegn

**Önnu H. Guðmundsdóttur og Ástríði Ingi-
 mundardóttur** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Máli vísað frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. des. 1946 í því skyni að fá hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi felldan. Stefndu hafa krafizt þess, að málinu verði vísað frá hæstarétti og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi Helga E. Thorlacius persónulega eftir mati dómsins. Af hálfu áfrýjanda er þess krafizt, að frávisunarkröfunni verði hrundið og að stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kröfu sína um visun málsins frá hæstarétti reisa stefndu meðal annars á því, að „Matstofan Björk h/f“ sé ekki lög-
 hæfur aðili í máli þessu, með því að aldrei hafi verið gengið frá stofnun hlutafélagsins lögum samkvæmt.

Það er fram komið í málinu, að þann 31. maí 1946 komu saman á fund í því skyni að stofna hlutafélag þau Helgi E. Thorlacius, Raket Sigurðardóttir, Helga Pétursdóttir, Anna